

## Fyrirspurn

til fjármálaráðherra um skattalækkunar.

Frá Jóhönnu Sigurðardóttur.

1. Hversu mikið er og verður tekjutap ríkissjóðs vegna breyttra skatta einstaklinga frá 2003 og fyrirhugaðrar lækkunar og hvernig skiptist lækkunin eftir tekjuhópum? Óskað er eftir að miðað verði við tekju- og eignarskattsstofna samkvæmt framtölum vegna álagningar 2004 og lækkun skatttekna ríkissjóðs verði reiknuð út miðað við:
  - a. 4% lækkun almenna tekjuskattshlutfallsins
    - i. ef persónuafsláttur helst óbreyttur frá álagningu tekjuskatts 2004,
    - ii. ef skattleysismörkin haldast óbreytt frá álagningu tekjuskatts 2004,
  - b. lækkun, eða afnám, hátekjuskattsins úr 7% í 0%, annars vegar miðað við skattleysismörk hátekjuskatts við síðustu álagningu þegar hann var 7% og hins vegar ef skattleysismörkin breytast í sama hlutfalli og persónuafslátturinn fram að álagningu 2004,
  - c. lækkun og afnám almenna eignarskattsins miðað við fríeignamörk við álagningu 2004.
2. Hvernig skiptist framangreind lækkun eftir tekjuhópum, bæði miðað við hvern lið um sig og liðina samtals, ef gjaldendum er skipt eftir heildartekjum (þ.e. almennum tekjum og fjármagnstekjum samanlögðum) og 5% þeirra eru í hverju bili? Bæði er spurt um fjárhæð og hlutfall og óskað er eftir að gerð verði grein fyrir dreifingunni fyrir einhleypa annars vegar og hjón og sambúðarfólk hins vegar.
3. Hvernig skiptist lækkunin, sbr. 2. lið, ef í stað 5% tekjubila er miðað við eftirfarandi heildartekjur á ári:
  - a. undir 1 millj. kr.,
  - b. 1–1,5 millj. kr.,
  - c. 1,5–2 millj. kr.,
  - d. 2–3 millj. kr.,
  - e. 3–4 millj. kr.,
  - f. 4–6 millj. kr.,
  - g. 6–8 millj. kr.,
  - h. 8–10 millj. kr.,
  - i. 10–15 millj. kr.,
  - j. yfir 15 millj. kr.?

**Skriflegt svar óskast.**

---